



**Fundargerð stjórn SSA**  
**Mánudaginn 12. apríl kl. 12.00**

Fundarstaður Hótel Hérað Egilsstöðum .

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson, Guðmundur Ólafsson, Ólafur Sigurðsson, Valdimar O Hermannsson, Iris Valsdóttir, Páll Baldursson. Framkvæmdastjóri SSA er mættur

Gestir : Fulltrúar sveitarstjórnaráðuneytisins: Hermann Sæmundsson (HS) skrifstofustjóri og Sigurður T. Björgvinsson (STB) ráðgjafi .

Léttur hádegisverður var snæddur áður en gengið var til fundar.

**1. Fundur settur.**

Formaður setti fund og bauð sérstaklega velkomna fultrúa Sveitarstjórnaráðuneytisins Hermann og Sigurð. Þeir munu síðan sitja fund hér á eftir með vinnuhópi SSA í verkefninu “ Austurland eitt sveitarfélag “ sem er samstarfsverkefni SSA og Sveitarstjórnarráðuneytisins. Formaður bar upp breytingu á dagskrá þ.e. að taka fyrst fyrir liði 5-6-7-8 : Samþykkt.

Fundargerðin uppsett eftir rétttri röð dagskrárliða i dagskrá.

**2. Fundargerð stjórnar SSA frá 01.03.2010**

Umsögn SSA 332. mál sóknaráætlun (liður 6/3 )

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

**3. Frá Landshlutasamtökum .** Til Kynningar :

Eyþing : Stjórn 211.fundur 4.mars. 2010

SASS : Stjórn 432. fundur 26. mars 2010.

**4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.**

4/1 Stjórn 772. fundur 26.02.2010

Liðir 3 og 4 . Vísast til umræðu lið 4/2.

4/2 Um skipulags og mannvirkjafrumvörp.(Fundargerð skipulagsn.25.03.10)

Skipulagslög 425. mál <http://www.althingi.is/altext/138/s/0742.html>

Stjórn SSA tekur undir þær áherslur sem fram koma í 3. lið fundargerðar skipulagsnefndar. Ennfremur sjá lið 11.fundargerð SASS 432. fundar.

Mannvirki 426. mál <http://www.althingi.is/altext/138/s/0743.html>

Stjórn SSA tekur undir þær áherslur sem fram koma í 4.lið fundargerðar skipulegsnefndar.

Brunavarnir 427. mál <http://www.althingi.is/altext/138/s/0744.html>

**5. Samstarfsverkefni : Forsætis og -Sveitarstjórnarráðuneyti og SSA:**

A: 20/20 Sóknaráætlun:Niðurstöður Þjóðfunda í landshlutunum .(Forsætisr)

Framkvæmdastjóri sagði frá því að hann og Hafliði hafi kynnt helstu niðurstöður á sóknarfærum ( 12 verkefni ) Austursvæðis á fundi 20/20 verkefnisstjórnar á Akureyri 7. apríl sl. um niðurstöður Þjóðfunda. HS sem ( situr í verkefnisstjórn ) sagði að verkefninu væri ætlað að draga fram helstu áherslur og sóknarfærin til framtíðar í landshlutunum og vinna síðan með þau. Draga lærdóm af reynslunni. Hann sagði að það væri eftitektarverkt að sóknarfæri Austursvæðis náðu m.a til stjórnsýslunnar ( Austurland eitt sveitarfélaga ) og að þau væru öflug og tæku yfir við svið s.s. nálægðina við Evrópu og uppbygging samgöngumannvirkja ( Öxlarnir 3) því tengdu. Einnig Drekasvæðið og Vatnajökulspjóðagarður og fl.

B: Nýjar leiðir í eflingu sveitarstjórnarstigsins ( Sveitarstj. ráðuneyti.)

HS. sagði að nefnd Sambands ísl sveitarfélaga og ráðuneytisins væri búinn að fara í alla landshluta . Viðtökur hafi verið misjafnar . Búið að skipa starfshópa á Vestfjörðum og aðrir landshlutar ,utan NLV sem hefur samþykkt að taka ekki þátt í

verkefninu , eru að skipa tengiliði eða starfshópa við nefndina. Eini landshlutinn sem vinnur verkefnið með sértækum hætti er Austurland og er horft mikið til frumkvæðis Austfirðinga .HS. leggur áherslu á að þó að umhverfið sé á varðbergi gangvart sameingum nú þá eigi SSA að halda sínu verkefni áfram og stuðningur ráðuneytisins er við það.STB fór yfir og sýndi glærur sem kynntar eru á fundum landshlutanna. Þar kom fram að ráðuneytið og nefndin stefna á að kynna tillögur á Landssþingi sveitarstjórnaramanna á Akueyri í haust ( 29-30 sept) Tillögurnar þarf síðan að útfæra og vinna með í landshlutunum næsta kjörtímabil og stefnan sett á að ljúka þeirri vinnu 2014.

C: Verkefni SSA “Austurland eitt sveitarfélag“

Framkvæmdastjóri sagði frá því að hér á eftir verði fundur vinnuhóps SSA sem HS og STB taka þátt í. Fjórir stjórnarmenn SSA eru í vinnuhópnum. Verkefnið gengur samkvæmt á ætlun en búast má við “hægangi” næstu vikur þar sem m.a. sveitarstjórnarkosningar í maí truflar verkefnið eitthvað.Hann skilaði kveðju frá Smára Geirssyni ( Hann var fjarverandi v/ veikinda ) en hann situr í vinnuhópi SSA sem fulltrúi Fjarðabyggðar . SG hefur kynnt bæjarfulltrúum í Fjarðabyggð stöðu og vinnu verkefnisins , og þar hefur komið fram það sjónarmið, einstaka bæjarfulltrúa ,að ekki sé tímabært að vinna þetta verkefni núna. Stjórnarmenn SSA, fulltrúar Fjarðabyggðar bæjarfulltrúar VOH og ÍV ,sögðu að þessum sjónarmiðum hafi verið komið á framfæri en telja að það sé vilji bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að halda áfram þátttöku í verkefninu þar til annað verður ákveðið. Formaður leggur áherslu á að samstaða aðildarsveitarfélaga SSA um verkefnið eigi að vera styrkur þess eins og í svo mörgum samstarfsverkefnum öðrum sem SSA hefur verið falið að vinna fyrir landshlutann.

HS skilaði kveðju frá ráðherra Kristjáni Möller og sagði að hann og ráðuneytið litu mjög til og þökkðu frumkvæði sveitarstjórnarmanna á Austurlandi. Reglum jöfnunarsjóðs hafi verið breytt til þess m.a að hann gæti betur mætt verkefni eins og þessu. Fram kom í umræðum að nú væri komið að því í vinnunni að ríkið og vinnuhópurinn vinni með og setji upp sameiginlega stefnumörkun m.a. verkefnalista til framtíðar/ s.s.viðræðu pakka. (samþykkt 43. aðalf. SSA )

## **6. Stýrihópur SSA “ Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA”**

### **6/1 Tillögur stýrihóps til stjórnar SSA og aukaaðalfundar SSA.**

Formaður sem jafnframt er formaður stýrihópsins sagði frá lokametrunum í vinnunni sem lauk í gær. Greinargerð og tillögur stýrihópsins verða settar út á upplýsingavef verkefnisins [alta.is/stodstofnanir](http://alta.is/stodstofnanir) að loknum stjórnarfundum nú ,fyrir sveitarfélögin og viðkomandi stoðstofnanir. Hann sagði að uppi hafi verið þau sjónarmið að sumum finnst of stutt gengið í samþættingunni og hagræðingunni ,að erfitt geti verið að mæta svo dreifðri þjónustu sem tillagan gerir ráð fyrir og einhverjar stoðstofnanir standa utan “pakkans” sem ættu að vera þar inni. Einnig hafa komið fram mismunandi áherslur sveitarstjórnarmanna s.s að fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð verði að fara saman og sumra fulltrúa stoðstofnananna sem m.a. óttast um frelsi þeirra í samstarfinu. Tortryggni virðist því gæta í báðar áttir. Niðurstaða stýrihópsins kemur fram í tillögu 7. kafla og stjórnskipuritið gerir ráð fyrir SSA sem regnhlíf yfir samstarfinu og stjórnskipuritinu.

Kynnti hann lauslega tillögudrög stjórnar , sem send höfðu verið stjórnarmönnum yfir netið í gær ásamt greinargerð og tillögu stýrihópsins .

## Tillaga stjórnar SSA til aukaðalfundar SSA 19. apríl nk.

*Aukaaðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Fáskrúðsfirði 19. apríl 2010, lýsir yfir stuðningi við tillögur stýrihóps, sem fram koma í skýrslu hans í kafla nr. 7 og þær hugmyndir, sem þar koma fram.*

*Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram að framgangi þeirra í samráði við hlutaðeigandi stöðstofnanir á Austurlandi fram að 44. aðalfundi SSA í september mánuði nk. Haft verði að markmiði að eigi síðar en fyrir aðalfundinn verði tekin endanleg ákvörðun um nýjan samstarfsvettvang þeirra stofnana, er endanlega verða hluti af þeirri heild, sem tillögur stýrihópsins gera ráð fyrir, þegar tillögur hans hafa verið útfærðar og um þær náðst samstaða. Stefnt verði að því að nýtt stjórnskipurit taki gildi um nk. áramót.*

### Greinargerð:

*Tillögunni fylgir greinargerð og tillögur ( 7. kafli ) stýrihópsins “ frá 10. apríl sl. “Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stöðstofnana á Austurlandi”*

*Tillagan hefur /verður send aðildarsveitarfélögum SSA og forstöðumönnum viðkomandi stöðstofnana. Greinargerðin og tillögur stýrihópsins hafa verið settar inn á vinnu og upplýsingavef verkefnisins [www.alta.is/stodstofnanir](http://www.alta.is/stodstofnanir)*

*Greinargerðin og tillögurnar verða sérstaklega kynntar á auka- aðalfundinum . Þá mun vinnuhópur fulltrúa á aðalfundinum sérstaklega fjalla um tillögurnar og þær síðan fá endanlega afgreiðslu aðalfundarins.*

### **Eftir allgóðar umræður var tillagan og greinargerðin samþykkt samhljóða.**

Efnið er birt á vef (sem nefndur er tillöguvefur) og er slóðin á hann þessi: [www.alta.is/stodstofnanir](http://www.alta.is/stodstofnanir)

Þar má fá heildarmynd af vinnunni, þeim gögnum sem eru grunnur tillögugerðarinnar og tillögunni sjálfri. Inná vefinn verður jafnvel fram eftir vikunni bætt inn gögnum sem til upplýsinga þykja horfa.

#### **7. Starfshópur SSA: Yfirfærslu á þjónustu fatlaðra til sveitarfélaga 2011.**

Tillaga um þjónustusvæði á Austurlandi .

Framkvæmdastjóri og ÓS sem á sæti í starfshópi SSA fóru yfir tillögu starfshópsins til aðalfundarins . Tillagan og vinna starfshópsins verður sérstaklega kynnt aðildarsveitarfélögunum af fulltrúum í starfshópnum fyrir aukaðalfundinn.

*Stjórn SSA lýsir yfir ánægju með vinnu starfshópsins og styður fyrirbyggjandi tillögu hans til aukaðalfundar SSA 19. apríl nk. um Þjónustusvæði á Austurlandi og byggðasamlag með dreifðri þjónustu .*

#### **8. Aukaaðalfundur SSA 2010 : Fáskrúðsfirði 19. apríl nk.**

Dagskráin hefur verið send út til viðkomandi . Fyrirkomulag fundarins og fleira honum tengt rætt.Framkvæmdastjóri verður í Fjarðabyggð á morgun þar sem hann ræðir við bæjaryfirvöld þar um aðstöðuna , fyrirkomulagið og starfsmenn. Fundurinn fer fram í nýjuhúsnæði Skólamiðstöðinni í Fáskrúðsfirði. Stjórnarmenn mæti tímanlega fyrir fundinn eða kl. 13.00.

#### **9. Söguritun “ Samstarf sveitarfélaga” Umsókn í velferðarsjóð Alcoa” Samningar : Umbrot og útgáfa.**

Frankvæmdastjóri upplýsti að umsókn um styrk í Velferðarsjóð Alcoa hafi ekki fengið náð fyrir augum úthlutunarnefndar sjóðsins.

Hann var í Reykjavík ásamt söguritara þar sem rætt var við forstöðumann bóka-útgáfunnar Hóla Guðjón Inga Eiríksson um útgáfu bókarinnar og um umbrot.

Gert er ráð fyrir að bókin verði um 500 síður og verði tilbúin eigi síðar en 10. sept. nk.

*Formaður leggur til að framkvæmdastjóra verði veitt heimild til að ganga frá samningi fh. SSA um umbrot og útgáfu með vísan til upplýsinga á fundinum.*

*Við endurskoðun fjárhagsaætlunar SSA 2010 verður gert ráð fyrir viðbótarfjármagni til að ljúka útgáfunni. **Samþykkt samhjóða.***

#### **10. Staðan á vinnumarkaði á Austurlandi ( upplýsingar Vinnumálastofnun)**

Atvinnuleitendur í lok febrúra sl voru 5.6 % af mannafla þ.e alls 405 202 karlar og 203 konur . Þeim hefur fækkað um 2 frá januarlokum. .

#### **11. Sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí nk.**

Farið var lauslega yfir stöðu framboðsmála sem eru að taka á sig mynd hjá “stóru” sveitarfélögunum tveim en skemmra á veg komin hjá þeim minni. Þó má ráða í að allmiklar breytingar verða. Til starfa mun koma allstór hópur nýrra einstaklinga og frá munu hverfa einstaklingar sem starfað hafa í sveitarstjórnnum á Austurlandi til fjölda ára.

#### **12. 44. aðalfundur SSA 2010 á Breiðdalsvík : Tímasetning :**

*Stjórn SSA samþykkir að 44. aðalfundur SSA 2010 á Breiðdalsvík verði föstudag og laugardag 24. og 25. september nk.*

#### **13. Bréf efni og erindi sem borist hefur:**

13/1 Samningur um Ljósmyndasafn Austurlands.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar í maí.

13/2 Vopnafjarðarhreppur /afrit bréfs til mennigarráðs Austurlands)

Til kynningar.

13/3 Ársfundur Landsvirkjunar 16. apríl nk. :Til kynningar.

13/4 Reglugerð um viðmið.fjárhæðir vegna opinnberra innkaupa ( stj.ráðið )

Til kynningar.

13/5 Dómsmála og mannréttinda ráðuneytið 12.03.2010 : Til kynningar.

13/6 Félag atvinnuflugmanna : Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni :

*Stjórn SSA lýsir yfir stuðningi við ályktun FÍA um að núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar verði til frambúðar og hafin verði nú þegar bygging nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni.*

*Austfirðingar sem eru mikið háðir innanlandsflugi til og frá höfuðborginni, hafa lengi beðið eftir bættum aðbúnaði þar fyrir farþega af landsbyggðinni*

#### **14. Önnur mál.** Engin

Hermann og Sigurður sem setið höfðu allann fundinn þökkuðu fyrir góðan og upplýsandi fund.

Formaður þakkaði þeim félögum og stjórnarmönnum og sleit fundi kl. 14.10.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson .

Starfshópur SSA sem vinnur með verkefnið “Austurland eitt sveitarfélag” er með vinnufund strax á eftir stjórnarfundinum.

( 4 stjórnarmenn SSA eru í starfshópnum)